

4. grein.

Sje skólinn ekki stofnaður áður en innstæðan með vöxtum hefur náð upphæðinni 2000 rd., skal verja vöxtunum til ferðastyrks handa slíkum unglingi, og um var getið, sem óskar að útvega sjer fyrir utan Ísland nauðsynlega kunnáttu um landbúnað og jarðyrkju og á hann, til þess að fá styrkinn útborgaðan, að snúa sjer að mönnum þeim, sem fyrst eru nefndir í 3. grein og eiga að veita gjöfna. Meðmæli hjeraðsprófastsins um, að hlutaðeigandi beiðandi sje hjálparinnar maklegur, ber að útvega.

Þessi ákvörðun fellur úr gildi, undir eins og skólinn er stofnaður í norður og austurumdæmi Íslands, og skal þá breytt eptir því, sem fyrir er skipað í 2. grein.

5. grein.

Stjórn sjóðsins á að senda árlega til landshöfðingjans yfir Íslandi skilgrein um efnisjóðsins og meðferðina á þeim. Ørum og Wulff.

Auglýsing.

Með auglýsingu dagsettri 24. febrúar þ. á. og prentaðri í stjórnartíðindunum 1875 A í hefur fjárhagsstjórn ríkisins birt á þessu landi lög um bann gegn gjaldgengi schlesvig-holsteinskra spesiupeninga; en jafnframt leyft að taka megi peninga þessa í gjöld til jarðabókarsjóðsins til 1. ágúst þ. á. fyrir það verð, sem á þeim stendur.

Fyrir þá sök, skal skorað á alla, sem hafa undir höndum 2 ríkisdala-, 8 marka-, 4 marka-, 2 marka-, 1 marks- eður 8 skildinga-peninga, er hljóða upp á

1 spesiú eður 60 skildinga schlesvig holsteinsk kúrant

$\frac{2}{3}$	—	—	40	—	—	—	—
$\frac{1}{3}$	—	—	20	—	—	—	—
$\frac{1}{6}$	—	—	10	—	—	—	—
$\frac{1}{12}$	—	—	5	—	—	—	—
$\frac{1}{24}$	—	—	2 $\frac{1}{2}$	—	—	—	—

að skipta þeim hjá landfógetanum fyrir gjaldgenga peninga sem allra fyrst og síðast innan júlímánaðarloka þ. á.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. dag aprilmánaðar 1875¹.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Umburðarbrjef (til amtmanna og sýslumanna).

Til að afstýra því, að nautapest og annar næmur fjársjúkdómur flytjist til landsins, skipast, samkvæmt fyrirmælum ráðgjafa hans hátignar konungsins fyrir Ísland, svo fyrir:

Þegar hingað kemur skip frá landi, þar sem vart hefur orðið við nautapest eður annan næman sjúkdóm í skepnum, og ráðgjafi konungs eður landshöfðingi fyrir hans hönd þessvegna hefur bannað, að flytja fyrst um sinn frá slíku landi hingað skepnur eða hluta af þeim t. d. skinn og horn, eður hefur gjört það að skilmála fyrir slíkum flutningi, að öllu sóttarefni hafi verið eytt (að það, sem er flutt, hafi verið «desinficerað»), skal lögreglu-

1) Sama dag var báðum amtmönnum ritað um málið, og eru þeir beðnir að tjá sýslumönnum, að landshöfðinginn búist við, að þeir geri allt það, er í þeirra valdi stendur, til að leiðbeina almenningi í þessu efni, að þeir taki á manntalsþingum í vor kúrantpeninga upp í þingeyöld, og að þeir jafnvel taki við þessum peningum í skiptum fyrir ríkiedala- og anna-peninga. Þar að auki voru amtmenn beðnir að brýna fyrir sýslumönnum, að þeir ættu að senda landfógeta alla þá spesiupeninga, er þeim bæri að höndum svo tímanlega, að þeir gætu verið komnir hingað innan júlímánaðarloka.

Hinn 29. apríl 1875.

1875

27
14da
apríl.

stjórinn, þar sem skipið kemur að landi, eður sá, sem fyrir hönd lögreglustjórans á að skoða skjöl skipsins, hafa sterkar gætur á, að slíkum fyrirmælum verði hlýtt. Hann á því undir eins og skipið hefur hafnað sig að rannsaka, hvort nokkur slík skepna eður nokkur af-rakstur af slíkum skepnum sje á skipinu, eður hafi verið þar og nú sje flutt í land. Nú reynist það, að nokkuð það, sem sóttarefni getur fluzt með, sje á skipi, og á þá lögreglustjóri eður umboðsmaður hans að sjá um það, að ekkert slíkt (skepnur eður skinn og aðrir hlutir af þeim) verði flutt í land, en að öllu sóttarefni, sem hefur getað verið því samferða, verði, áður en samgöngur skipshafnarinnar við landsmenn byrja, eytt og skepnunum eður hlutunum af þeim fleygt í sjóinn. Hafi skepnur, skinn eður aðrir hlutir af skepnum verið fluttir í land, áður enn lögreglustjóri eða umboðsmaður hans gat varnað því, skal lögreglustjórinn, ef innflutningur á slíkum hlutum hefur ekki verið með öllu bannaður en einungis bundinn skilmálum, sjá um, að sóttarefninu verði á kostnað þess, sem við hefur tekið, eytt á fyrirskipaðan hátt; en hafi innflutningur verið bannaður með öllu, ber að sjá um, að skinn og aðrir hlutir skepna verði brendir eður grafnir í jörð niður, og að skepnur þær, sem innfluttar hafa verið, verði, ef þær þegar reynast veikar af næmum sjúkdómi, drepnar og grafnar. Sju þær þar í mót álitnar heilbrigðar, á í 3 vikur þar, sem þær voru fluttar í land, að halda þeim sjer, aðskildum frá öllum öðrum skepnum. Að svo miklu leyti, sem mögulegt er, á allan þenna tíma að halda skepnunum í húsi, og ber, hvað sem öðru líður, að sjá um, að engar samgöngur eigi sjer stað um þenna tíma með hinum útlendu og innlendu skepnum, og að menn, er hirða innlendar skepnur og sóttarefni gæti fluzt með, fái eigi að handleika hinar útlendu skepnur eður að dvelja í húsum, þar sem þær eru hafðar.

Ef skepnur þær, sem inn eru fluttar hafa allt af verið heilbrigðar hinar fyrstu 3 vikur, má eigandi fá frjáls ráð á þeim, en hafi skepnurnar á því tímabili verið veikar, og sje ekki fullkominn vissa fyrir, að þessi veiki sje með öllu hættulaus, er nauðsynlegt að varna samgöngum ekki að eins, þangað til sjúkdómurinn er allæknaður, heldur einnig eigi skemur enn 4 vikur eptir það. Komi, meðan innfluttri skepnu er haldið sjer, grunur upp um, að hún sje tekin næmum og skæðum sjúkdómi, ber undir eins að drepa hana og grafa hana niður með allri varúð; og skal vandlega hreinsa og svæla hús það, þar sem skepnan hefur verið höfð, áður en öðrum skepnum er hleypt inn í það. Það er sjálfsgagt, að umboðsmanni lögreglustjórans, ber sem fyrst að skýra honum frá ráðstöfunum sínum, og leita frekari ráða til hans. Sje dýralæknir eða þjerslæknir nálægur, ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans að bera sig saman við hann, en sje ekki kostur á að ná til læknis, ber lögreglustjóra eður umboðsmanni hans, að svo miklu leyti sem unnt er, að leita ráða hinna beztu bænda og reyndra fjármanna.

Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur í brjefi af 10. f. mán., skýrt frá, að bólusóttin gangi í Kaupmannahöfn, í Drageyri og Kastrup á Amager, í Vordingborg, og í Gautaborg í Svíaríki.

Jeg skal því þjónustusamlega biðja yður hávelborni herra, að gefa þetta yfirvöldum þeim, er þjer eruð yfir skipaðir, til vitundar, og brýna fyrir þeim, að fara sem rökilegast eptir ákvörðunum opins brjefs frá 20. júní 1838¹.

1) Brjef þetta er prentað í lagasafni handa Íslandi XI bls. 243—6, og er í því meðal annars skipað fyrir, að þeir, sem fyrir er trúað að rita á skipaskjöl, skuli grennslast eptir því, hvort nokkur bóluveikur maður eje um borb, er skip kemur að landi, og sjá um að skipið ef svo reynist, leggist í sóttvarnar varðhald.

28
17da
apríl.